

Nd.

172. Nefndarálit

[39. mál]

um frv. til laga um kjaramál.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er flutt til staðfestingar á samhljóða bráðabirgðalögum frá 8. september s. l. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hlutinn, fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til að það verði samþykkt með smávægilegum breytingum. Minni hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, leggur til að frumvarpið verði fellt.

1-2) Þessar rafveitur hafa hvorki sérstakan heimilistaxta né sérstakan vélataxta, en selja megnið af raforku sinni um marktaxta.

Aðaleinkenni bráðabirgðalaganna og þessa frumvarps er að það, sem rétt er með annarri hendinni, er tekið aftur með hinni. Með því telur ríkisstjórnin að stuðlað sé að tekjujöfnun í þjóðfélaginu og efnahagsvandinn leystur í bráð. Að vissu marki má á þetta fallast. Tekjujöfnunin er þó mest sjónhverfing, leikur með vísitölu, þar sem beitt er vafasömum aðferðum í stað þess að takast á við það vandamál. Sá árangur, sem kann að nást í baráttunni við verðbólguna til áramóta, veldur auknum vanda þegar til lengri tíma er litið.

Neysla er örvuð á kostnað sparnaðar, dregið er úr vinnuvilja með hækkun tekjuskatts, siðferði látið fyrir róða með afturvirkum álögum. Niðurgreiðslur eru auknar á nokkrum landbúnaðarafurðum, það brenglar enn framleiðslutilhögun milli búgreina og gagnvart öðrum atvinnuvegum og hvetur til enn meiri umframframleiðslu í landbúnaði. Vísir er kominn að margföldu gengi, haftakerfi og sammingsbrot eru boðuð í viðskiptamálum.

Með ákvæðum fyrsta kafla frumvarpsins telur ríkisstjórnin að kjarasamningar frá 1977 hafi tekið gildi. Ýmsir fylgjendur stjórnarinnar í verkalýðshreyfingunni virðast trúa þessu líka, og þeir reyna að telja umþjóðendum sínum trú um hið sama. Verðbætur á laun eru þó beinlínis skertar með ákvæðum 2. greinar, skerðingin verður meiri en samkvæmt fyrri lögum. Ekki er heldur unnt að segja að kjarasamningar séu látnir gilda til fulls nema kauphækkunin hefði náð til 1. mars s. l.

Hópur launþega lendir bæði í skertum verðbótum og tekjuskattsauka. Aðgerðir sem þessar fela að sjálfsgöðu í sér afskipti af launasamningum þar sem um kaup og kjör er samið með hliðsjón af gildandi skattareglum.

Afnám sölugjalds á ýmsum matvörum er áhrifarík leið til lækkunar verðs á vísitöluvörum, en hún er kostnaðarsöm fyrir ríkissjóð. Með þessu móti má hamla gegn verðhækkunum um skeið, einkum þegar svo er staðið að verki sem hér er gert, að þær vörur sumar, sem í vísitölunni eru, fást ekki við því verði, sem þar er skráð. Þetta á ekki einungis við hið fræga „kjarabótakjöt“. Í þessu sambandi verður að leggja áherslu á, að allir sérfræðingar í skattamálum hafa varað við auknum undanþágum í söluskatti vegna erfiðleika á framkvæmd og innheimtu og vaxandi hættu á undanskoti frá greiðslu.

Í greinargerð um virðisaukaskatt, sem unninn var á vegum fyrrverandi ríkisstjórnar, er rækilega tekið fram, að nauðsyn beri til að fækka undanþágum ef virðisaukaskattur yrði tekinn upp. Aukning undanþága verður því að túlka á þann veg, að virðisaukaskattur sé enn fjarlægari en áður og núverandi ríkisstjórn hafi ekki í hyggju að taka hann upp.

Hækkun eignarskatts lendir fyrst og fremst á þeim sem eiga skuldlausar eða skuldlitlar fasteignir, því að eignarmyndun hér á landi er mest í mynd fasteigna. Af því leiðir jafnframt, að eignarskattsaukinn lendir þungt á eldra fólki, sem á skuldlausar fasteignir. Við teljum því breytingartillögu á þskj. 52 sjálfsgæða. Einnig lendir þessi eignarskattsauki með miklum þunga á þeim, sem þurfa að eiga miklar fasteignir og vélar við framleiðsluna.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er lagður helmingi hærri eignarskattsauki á félag en einstaklinga, en það hefur í för með sér stórfellda mismunun eftir rekstrarformi fyrirtækja. Fráleitt er að fyrirtæki greiði mismunandi skatt eftir því, hvort þau eru skráð sem hlutafélag eða eru á nafni einstaklinga.

Á síðasta þingi voru samþykkt ný skattalög. Þar var haft að leiðarljósi, að ekki yrði um afturvirkni í skattlagningu að ræða. Með athöfnum núverandi ríkisstjórnar er hins vegar snúið við blaði. Úr því verður skorið, hvort lagasetning sem þessi fær staðist fyrir ákvæðum stjórnarskár. Fróðlegt verður að fylgjast með hversu ljúflega einstakir þingmenn stjórnarflokkanna réta upp hendur með þessum ákvæðum frumvarpsins. Dómur þjóðarinnar hefur hins vegar verið felldur: Um er að ræða ósiðlegt athæfi og fyrir það verður kvittað í næstu kosningum.

Sérstakur 6% skattur er lagður á atvinnurekstur með því að skerða afskriftir. Þessi skattur er ekki frádráttarbær frá tekjum. Hann kemur því eins út fyrir fyrir-

tæki og lagður væri sérstakur skattur á vörunotkun og vinnuafslnotkun. Frá afkomusjónarmiði fyrirtækisins skiptir ekki máli, hver af þessum leiðum er farin. Skattur ræðst af því, hvernig fyrirtækin hafa talið fram, þar sem nýting afskriftaheimilda ræðst iðulega af afkomu þeirra.

Með því að tvískipta vörugjaldi er í reynd gerð tilraun til að flokka vöru eftir því, hvort um munaðarvöru er að ræða eða nauðsynjavarning. Þetta er eitt af því varhugaverðasta í afskiptum stjórnámálanna af frjálsu neysluvali einstaklinga, þ. e. að segja þeim, hvað sé nauðsynjavara og hvað munaðarvara. Ríkisstjórnin tekur sér vald til að segja, hvað sé gott og hvað sé slæmt. Árangurinn lýsir sér meðal annars í því að skriffæri, hreinlætisvörur og vörur til tónlistariðkana eru talin munaður. Á sama tíma er ríkisvaldið að efla tónmennt og greiða tannviðgerðir barna af almannafé. En þetta bætir lífskjörin. Ríkisstjórnin segir: Hættið að spila og skrifa, borðið meira kjöt og smjör og þá mun yður vel farnast.

Tekið er upp tvöfalt gengi með 10% gjaldi á andvirði yfirfærslu fyrir dvalarkostnaði erlendis. Þetta er gert í hlóra við yfirlýsingar gagnvart alþjóðastofnunum. Ákvæðið um hið tvöfalda gengi á að gilda til ársloka 1979.

Þegar afgreiðsla frumvarps fer fram hefur sönnun fengist fyrir því, að bráðabirgðalögin, sem nú er leitað staðfestingar á bættu enn á efnahagsvandann. Þetta sýnir þróunin fram til 1. des. s. l. og þær ráðstafanir, sem gripið hefur verið til. Undrun ríkisstjórnarinnar varð meiri en annarra, hve verðbólgan varð miklu meiri í nóvember en reiknað var með. Það segir einnig sína sögu um úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar, að um leið og rætt er þetta frumvarp, og frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1979, hafa verið samþykkt lög um ráðstafanir 1. des. s. l., þar sem eitt rekur sig á annars horn í forsendum um þróun kaupgjalds og verðlags.

Með frumvarpi þessu er hluta af verðbólguvandann breytt í fjármálavanda fyrir ríkissjóð, eins og hæstv. forsætisráðherra sagði við 1. umr. þessa máls.

Hvorugur vandinn hefur verið leystur. Þvert á móti eykst vandinn til mikilla muna með aðgerðum sem þessum. Breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar hafa hér engin áhrif.

Ef meiri hluti er fyrir því að afla þeirra tekna, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, teljum við heppilegra að gera það í fómj skyldusparnaðar og mælum því með, að brtt. á þskj. 53 verði samþykkt.

Alþingi, 14. des. 1978.

Ólafur G. Einarsson,
frsm.

Matthías Á. Mathiesen.